

**9. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
4. mars 2015 og hófst hann kl. 15:30**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigríður Indriðadóttir varamaður og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundurinn hefst á heimsókn í Hver og Skagastaði að Suðurgötu 57 (Landsbankahúsinu).

**Fyrir tekið:**

**1. 1503018 - Vinnumarkaðsaðgerðir Akraneskaupstaðar**

Kynning á vinnumarkaðsaðgerðum á vegum Akraneskaupstaðar. Aðstaða Hvers og Skagastaða skoðuð og starfsemi þeirra kynnt fyrir fulltrúum. Að kynningunni stóðu Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Hvers, Sigurður Sigursteinsson, verkefnisstjóri og Hrefna Rún Ákadóttir, félagsráðgjafi.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar starfsmönnum greinargóðar kynningar og lýsir yfir ánægju með þá starfsemi sem fram fer á vegum Hvers og Skagastaða.*

**2. 1411152 - Vesturgata 102 - breytingar**

Teikningar af endurbótum á sambýlinu að Vesturgötu 102 lagðar fram til kynningar og staða verkefnisins kynnt. Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri, Þorvaldur Vestmann, verkefnisstjóri á Skipulags- og umhverfissviði og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri Skipulags- og umhverfissviðs mættu á fundinn.

*Framlögð gögn yfirfarin. Sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs falið að fara yfir rekstrarforsendur sambýlisins.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsd.*  
*Ingibjörg Pálmadóttir*  
*Sigríður Indriðadóttir*  
*Gunnhildur Bj.*  
*Jón Hrói Finnsson*